

Skýrsla v. skyrks úr Kennslumálasjóði, skil á skýrslu 9.4. 2021

Styrkþegi: Ásdís Jóelsdóttir lektor í textíl við MVS HÍ

Verkefni: Textíl- og neytendafræði: Neysla, nýting og nýsköpun

Á undanförunum árum, sérstaklega eftir að Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna voru innleidd um sjálfbæra þróun, er enn meiri þörf á þátttöku almennings í aðgerðum gegn umhverfismengun. Markmiðið með bókinni er að ná utan um þá þætti sem textílgreinin hefur upp á að bjóða í slíkum aðgerðum. Í tengingunni - neysla, nýting og nýsköpun - er áhersla lögð á að greina vandann og öðlast reynslu og þekkingu til að takast á við nývirkni og nýsköpun í leitinni að lausnum gegn sóun og mengun frá textílheiminum. Textílgreinin er fjölbreytt vegna þeirra ólíku aðferða sem heyra þar undir og hver aðferð fyrir sig býður upp á óendanlega fjölbreytni og verkefnaval. Í bókinni kallast ýmsar textílaðferðir á við ólík verkefni sem nálgast má með einföldum aðgerðum sem allir geta tileinkað sér og unnið að heima við á bæði persónulegan og skapandi hátt. Endurnýting snýst um að endurbæta það sem þegar er til staðar eða búa til eitthvað alveg nýtt. Endurnýting er þannig umhverfisvæn aðgerð sem stuðlar að breyttu neyslumynstri og sjálfbærum lífsstíl.

Bókin ber í dag heitið *Sjálfbærni í textíl – neysla, nýting og nýsköpun*. Bókin skiptist í 3 hluta Neysla, Nýting og Nýsköpun. Bókin er 230 síður (í A4 stærð) og fylgir fjölda skýringarmynda með sem höfundur hefur teiknað sjálfur. Bókin er hugsuð fyrir áhuga- og fagfólk sem vill endurskoða eigin neysluhegðun og efla sjálfbæran lífsstíl með aðferðum textílgreinarinnar og jafnvel skapa eitthvað alveg nýtt.

Markmiðin með bókinni byggja á þremur meginþáttum:

- að ná utan um hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og virkja umhverfisvæna hugsun í verki og tengja sjálfbærni í textíl við sjálfbæran lífsstíl.
- að auka skilning almennings á sjálfbærri þróun og ábyrgri neyslu og finna leiðir til að lengja endingartíma fatnaðar og annarra textílafurða með því að endurhugsa og endurnota og jafnvel skapa eitthvað alveg nýtt.
- að hafa bókina innihaldsríka, einfalda að gerð og heimaunna en sú nálgun kallast einnig á við innihald bókarinnar; heimaunnin verkefni með áherslu á einfaldar aðferðir þar sem hvatt er til sjálfbærrar hugsunar, sköpunar og nývirkni með endurnýtingu að leiðarljósi.

Í fyrsta hluta bókarinnar er lögð áhersla á að fræðast um forsöguna og iðnbyltinguna í textíliðnaðinum, tísku og tískustrauma, enda segir tískan töluvert um samfélagið og tíðarandann hverju sinni. Markaðsöflin í heimi tískunnar eru skoðuð og hvernig fyrirtækin sem framleiða fatnaðinn vilja, fyrir utan það að selja okkur fatnaðinn, einnig selja okkur drauma og markmið. Í framhaldinu er hugað að

vist- og kolefnissporum, sjálfbærni og siðrænum þáttum í textílframleiðslu. Fjallað er um réttindi og ábyrgð neytandans og hvað beri að hafa í huga þegar kemur að vali og kaupum á fatnaði og öðrum textílafurðum og hvernig draga megí úr neyslupörfinni. Einnig er fjallað um stærðar- og meðferðarmerkingar, flokkaskiptingu textíltrefja og eiginleika þeirra, en sú þekking er forsenda þess að geta stundað ábyrga og siðræna neyslu og endurnýtingu.

Í öðrum hluta bókarinnar eru kynntar ýmsar einfaldar textílaðferðir sem nýta má til að endurvekja slitnar flíkur eða skapa nýtt útlit á annars ónotuðum efnum og fatnaði. Niðurstöður sýna einnig að textílgreinin er fjölbreytt vegna þeirra ólíku aðferða sem heyra þar undir og hver aðferð fyrir sig býður upp á óendanlega fjölbreytni og verkefnaval. Í gegnum aðferðir textílgreinarinnar er þess vegna auðvelt að nálgast viðfangsefnin við endurnýtinguna á skapandi og persónulegan hátt.

Við uppbyggingu bókarinnar er ferli hönnunar og nýsköpunar fylgt eftir; frá þörf og þekkingu á viðfangsefni, hér sóun og umhverfismengun, til þróunar hugmynda og tilrauna með textílaðferðir í leit að lausnum með endurnýtingu og nýsköpun að leiðarljósi. Þessu atriðum er fylgt eftir í þriðja hluta bókarinnar þar sem áherslan er á endurnýtingu og einfaldar lausnir við gerð fatnaðar og híbýlamuna. Í lokakaflanum er fjallað um fjölbreyttar textílaðferðir sem nýttar eru til að umbreyta minni efniseiningum í ný efni sem vinna má áfram með í nýjar afurðir. Þannig kallast textílaðferðir á við endurnýtingu og nýsköpun í leit að sjálfbærum lífsstíl.

Yfirlit yfir það helsta sem kemur fyrir í innihaldi bókarinnar:

1. Neysla

Ábyrg og siðræn framleiðsla
Ábyrg og siðræn neysla
Fatastærðir
Umhirða textílafurða
Textílflokkun og eiginleikar
Efni og garn

2. Nýting

Að lengja endingartímann
Aðferðir sem gefa notuðu nýtt líf
Viðhald og viðbætur
Breytingar og skreytingar

3. Nýsköpun

Föt – nýting og nýsköpun
Híbýli – nýting og nýsköpun
Restar - nýting og nýsköpun

Höfundur undirbýr einnig bókina til prentunar og fer bókina í prentun í lok apríl. Á haustmisseri 2021 verður boðið upp á námskeið á kjörsviðinu Textill og hönnun á MVS HÍ undir sama heiti og heiti bókar. Ég vil að lokum þakka Kennslumálasjóði fyrir ómentanlegan stuðning – nafn sjóðsins mun koma fram á kedit-síðu bókar.